

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, miðvikudaginn 16. júní kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 825. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Magnús Jónsson og Hrafnhildur Sverrisdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Starengi 2, breyting á deiliskipulagi** (02.384.0) Mál nr. SN210061
Skjalnr. 9975
Engjaver ehf, Litlakrika 24, 270 Mosfellsbær
VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram umsókn Jóhanns Harðarsonar dags. 22. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Engjahverfis C hluta vegna lóðarinnar nr. 2 við Starengi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit vegna viðbyggingar og hækkun hússins um eina hæð. Fyrirhugað er að byggja vindfang við inngang á jarðhæð og stigahús sem aðkomu að viðbyggingu á efri hæð, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 19. janúar 2021. Einnig er lagður fram tölvupóstur Bjargar Ólafsdóttur, Þóreyjar Gylfadóttur og Óskars Pálssonar dags. 20. maí 2021 þar sem gerðar eru athugasemdir og óskað eftir framlengingu á athugasemdafresti. Tillagan var grenndarkynnt frá 19. apríl 2021 til og með 14. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ásdís Kristinsdóttir dags. 11. maí 2021, Auður Ágústardóttir dags. 31. maí 2021, Gísli Júlíusson og Sigríður Þorvaldsdóttir dags. 10. júní 2021 og stjórn húsfélagsins Starengi 8-20 f.h. íbúa í Starengi 8-20b, dags. 14. júní 2021.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- 2. Í Úlfarsfellslandi, Úlfarsfellsvegur 87 -** (97.001.040) Mál nr. BN059364
Skjalnr. 14503
Sumarhús
Hilmar Heiðar Eiríksson, Víðivangur 14, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri á lóð nr. L125478 í Úlfarsfellslandi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Stærð er: 84,2 ferm., 362,4 rúmm. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 samþykkt.

3. **Jöfursbás 9, Fjölbýlishús** (22.206.01) Mál nr. BN059396
Skjalnr. 14406
HOFFGB14 ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 8. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með risi, að hluta steinsteyppt og að hluta úr forsmíðuðum einingum, einangrað að utan og klætt báruðu og sléttu áli, með 14 íbúðum ásamt hjólaskýli sem verða mhl. 01 og mhl. 02 og verður fyrsti áfangi bygginga á lóð nr. 9 við Jöfursbás. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Mannvit dags. 18. maí 2021 og greinargerð um brunavarnir frá Mannvit dags. 18. maí 2021. Stærð, mhl. 01, A-rými: 971,1 ferm., 3.466,8 rúmm. B-rými: 91,3 ferm. Samtals: 1.062,4 ferm. Mhl. 02, A-rými: 22,9 ferm., 80,2 rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 samþykkt.
4. **Koparsléttu 5, (fsp) stækkun byggingareits** (34..53.3.702) Mál nr. SN210414
Skjalnr. 14488
Ragnar Magnússon, Garðsstaðir 15, 112 Reykjavík
Spennit ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Ragnars Magnússonar dags. 3. júní 2021 um stækkun á byggingareit lóðarinnar nr. 5 við Koparsléttu um 4. m til suðausturs, samkvæmt uppdr. i62 ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað, Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
5. **Laugavegur 168-176, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN170017
Skjalnr. 13840
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu eru lagðir fram að nýju uppdrættir Yrki arkitekta ehf. dags. 1. febrúar 2021. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, þar sem gert er ráð fyrir að lóðin Laugavegur 176 verði nýtt undir gististarfsemi og verslun en aðrar lóðir á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem lóðir án heimilda. Forsendur varðandi frekar uppbyggingu á reitnum hafa breyst á þann veg að ekki náðust samningar við lóðarhafa og eigendur fasteigna á lóðum við Laugaveg 168-174. Í ljósi þess hafa orðið umtalsverðar breytingar á skipulagstillögunni sem nú er lögð fram frá skipulagslýsingu og markmiðum þess að lútandi. Á lóðinni við Laugaveg 176 verður heimilt að rífa bakhús og byggja við núverandi byggingar, sjá nánar tillögu. Tillagan var auglýst frá 9. apríl 2021 til og með 26. maí 2021. Eftirtaldir sendur athugasemdir/umsögn: íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. apríl 2021, Local lögmenn f.h. Tannlækninga ehf., Tannheilsu ehf., Laser-Tannlæknastofu ehf og Sigfúsar Haraldssonar dags. 26. maí 2021 og Logos lögmennshjónusta f.h. Vallhólma ehf., Dyrhólma hf og Hraunhólma ehf. dags. 26. maí 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. maí 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

6. **Heklureitur, breyting á deiliskipulagi/nýtt deilisskipulag** (01.242) Mál nr. SN210448
Skjalnr. 13840
Lögð er fram tillaga Yrki arkitekta ehf. dags. 16. júní 2021 að deiliskipulagi fyrir Heklureit, nánar tiltekið lóðirnar við Laugaveg 168-174a. Í tillögunni eru settar fram skipulagslegar heimildir fyrir íbúðir, atvinnustarfsemi og gististarfsemi. Gert er ráð fyrir að allar byggingar á lóð Laugavegs 168 til 174a verði fjarlægðar að undanskyldu borholuhúsi. Byggðin er mótuð með tilliti til landslags, sólargangs og veðurfars. Byggðin rís hæst til norðurs við Laugaveg og er lægst til suðurs við Brautarholt. Um er að ræða íbúðarhús, 2. til 7. hæða, með möguleika á 8. hæð á norðvesturhorni Laugavegs 168 á reit A skv. fyrirliggjandi skipulagstillögu. Byggingarnar skulu vera stallaðar með ríku tilliti til sólarátta og byggð skipulögð þannig að miðlægur inngarður er í góðu skjóli fyrir veðri og vindum við allar byggingar. Gert er ráð fyrir sérafnotaflötum fyrir íbúðir á jarðhæðum og svölum á efri hæðum. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir allt að 463 íbúðum með verslun og þjónustu á 1. hæð. Heildar flatarmál ofanjarðar á lóðunum er 46.474 m². Þar af eru að hámarki 44.351 m² undir íbúðir og lágmark 2.123 m² undir verslanir og þjónustu.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
7. **Sjóbrettagarður, mögulega uppsetning og starfræksla** Mál nr. SN210327
Skjalnr. 14453
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. maí 2021 var lagt fram erindi atvinnuþróunarteymis hjá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 30. apríl 2021 vegna mögulegrar uppsetningar og starfrækslu sjóbrettagarðs í Reykjavík. Einnig er lögð fram kynning/nánari lýsing á verkefninu ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 samþykkt.
8. **Bryggjuhverfi, breyting á deiliskipulagi** (04.0) Mál nr. SN210433
Skjalnr. 7634
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað til suðurs að mörkum deiliskipulags Ártúnshöfða og til austurs út fyrir stíg sem er 20-30 m frá strönd Grafarvogs. Stækkun skipulagssvæðisins er um 7,5 ha en með stækkuninni verður hluti stofnbrautarinnar Gullinbrú og tenging Sævarshöfða við hana innan skipulagssvæðisins, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 21. apríl 2021.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
9. **Fossagata 14, (fsp) tvöfaldur bílskúr** (01.636.7) Mál nr. SN210344
Skjalnr. 14460
Sindri Snær Ómarsson, Fossagata 14, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. maí 2021 var lögð fram fyrirspurn Sindra Snæ Ómarssonar dags. 6. maí 2021 um að gera tvöfaldan bílskúr á lóð nr. 14 við Fossagötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Frestað. Fyrirspyrjandi hafi samband við embættið.

10. **Fossháls 13-15, (fsp) stækkun húss** (04.304.5) Mál nr. SN210361
Skjalnr. 11276
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. maí 2021 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 10. maí 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 13-15 við Fossháls sem felst í að heimilt verði að byggja lagerhúsnæði við austurhluta byggingarinnar, samkvæmt uppd. K.J.ARK slf. dags. 22. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Frestað. Fyrirspyrjandi hafi samband við embættið.
11. **Hringbraut 109, (fsp) svalir** (02.860.1) Mál nr. SN210275
Skjalnr. 14496
Örn Alexandersson, Hringbraut 96, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arnar Alexanderssonar dags. 30. mars 2021 um að setja svalir á suðurhlíð hússins á lóð nr. 109 við Hringbraut.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Sundagarðar 10, Sótt er um leyfi til að byggja við núverandi húsnæði** (13.354.03) Mál nr. BN058658
Skjalnr. 5675
Brimgarðar ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. janúar 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja við skrifstofu- og vöruhús til austur og breyta innra skipulagi í húsinu á lóð nr. 10 við Sundagarða. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun hús er: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr.11.200
Neikvætt, en ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
13. **Týsgata 6, Pak, kvistir, útistigi, skúr** (11.810.12) Mál nr. BN059087
Skjalnr. 14262
Skúli Rúnar Jónsson, Týsgata 6, 101 Reykjavík
Gavacon Holding co. ehf., Brekkutúni 12, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka ris og byggja fjóra kvisti, rífa skúr á baklóð og byggja nýjan í suðvesturhorni lóðar ásamt vegg til að loka lóð að Óðinstorgi og til að gera nýjan utanáliggjandi stiga með inngöngum og svölum á 1. og 2. hæð þríbýlishúss á lóð nr. 6 við Týsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 26. maí 2021 og skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 27. mars 2021. Niðurrif, mhl. 02: xx ferm., 37,2 rúmm. Nýr mhl. 02: 27,4 ferm., 79,8 rúmm. Stækkun mhl. 01: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 305,4 ferm., 782,4 rúmm. Gjald kr. 12.100
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.

14. **Brekkustígur 9, (fsp) breyting og stækkun húss** Mál nr. SN210349
Skjalnr. 6440
Icelandic Ocean ehf., Pósthólf 17, 121 Reykjavík
Kanon arkitektar ehf. Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. maí 2021 var lögð fram fyrirspurn Helga Konráðs Thoroddsen dags. 7. maí 2021 ásamt bréfi dags. 6. maí 2021 þar sem byggt er á niðurstöðu og ábendingum skipulagsfulltrúa eftir grenndarkynningu byggingarleyfisumsókn fyrir lóðina nr. 9 við Brekkustíg. Í nýrri tillögu er gert ráð fyrir einni íbúð í stað tveggja, hús er lækkað, þaki breytt þannig að hægt sé að endurtaka gluggagerð 1. hæðar á 2. hæð með minni þakhalla, staðsetning svala er breytt og einfaldar útitröppur koma í stað utanálíggjandi stigahúss, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 6. maí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Frestað. Fyrirspyrjandi hafi samband við embættið.
15. **Langholtsvegur 89, breyting á deiliskipulagi** (01.410.0) Mál nr. SN210417
Skjalnr. 9599
Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur
Lögð fram umsókn Aflorku ehf. dags. 3. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi "Sundin, reitir 1.3 og 1.4" vegna lóðarinnar nr. 89 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að breyta og lyfta þaki hússins svo það gangi fram yfir útbyggingu á suðurhlíð og koma þar fyrir svölum, fjölga og stækka kvisti ásamt því að færa inngang efri hæðar á norðurhlíð og setja þar stiga, samkvæmt uppdr. Tvíhorf arkitektar 27. júní 2019.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
16. **Rökkvatjörn 6, Þriggja hæða fjölbýli** (50.523.04) Mál nr. BN059256
Skjalnr. 14012
R68 ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. maí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 11. maí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með 12 íbúðum á lóð nr. 6 við Rökkvatjörn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Stækkun er: [00,0] ferm., [00,0] rúmm. Erindi fylgir varmatapsútreikningar hönnuðar dags. 6. apríl 2021. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 samþykkt.
17. **Silfratjörn 20-24, (fsp) hæðarkótar** (05.052.4) Mál nr. SN210370
Skjalnr. 14477
Arnabakki ehf., Huldubraut 48, 200 Kópavogur
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. maí 2021 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 16. maí 2021 um að heimilt verði að fyrirhuguð raðhús á lóð nr. 20-24 við Silfratjörn verði í sama gólfkóta/hæðarkóta, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 13. maí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
18. **Bókhlöðustígur 2A, lóðamörk** (01.183) Mál nr. SN210379
Skjalnr. 12994
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. maí 2021 var lagt fram bréf Landupplýsingardeildar dags. 18. maí 2021 þar sem óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa að lóðamörk lóðarinnar nr. 2A við Bókhlöðustíg verði í samræmi við lóðauppdrátt umhverfis- og skipulagssviðs dags. 18. maí 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

19. **Bræðraborgarstígur 1 og 3, (fsp)** Mál nr. SN200757
uppbygging Skjalnr. 6253
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. desember 2020 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf. dags. 7. nóvember 2020 um að sameina lóðirnar nr. 1 og 3 við Bræðraborgarstíg, rífa niður og byggja nýtt hús á lóð nr. 1 og gera þar sambýli fyrir eldri konur og færa hús nr. 3 nær upprunalegu útliti og hækka um eina hæð, samkvæmt tillögu ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 8. nóvember 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. janúar 2021. Lagt fram að nýju ásamt nýrri tillögu Yrki arkitekta að uppbyggingu dags. 14. apríl 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 samþykkt.
20. **Fjólugata 13, (fsp) garðskáli** (01.185.1) Mál nr. SN210298
Skjalnr. 11727
Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 102
Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. apríl 2021 var lögð fram fyrirspurn Davís Kristjáns Chatham Pitt dags. 16. apríl 2021 um að reisa garðskála við austurhlið hússins á lóð nr. 13 við Fjólugötu við lóðarmörk Fjólugötu 15, samkvæmt uppdr. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.
21. **Héðinsreit/Vesturgata 64 og Ánanaust,** (01.130.1) Mál nr. SN210402
(fsp) uppbygging Skjalnr. 6188
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Festir ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lögð inn fyrirspurn Hjalta Brynjarssonar, dags. 31. maí 2021 varðandi uppbyggingu fjölbýlishúsa á bilinu 4 til 7 hæðir á Héðinsreit. Á byggingarreitum V4-V6 (mhl.02) við Vesturgötu er gert ráð fyrir 56 íbúðir og á byggingarreitum V1-V3 (mhl. 01) við Ánanaust er gert ráð fyrir 153 íbúðir, samtals 209 íbúðir á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Atvinnustarfsemi á báðum matshlutum er 890m². Heildar byggingarmagn beggja matshluta með kjallara er 29.856m² með nýtingarhlutfall 3,83. Einnig eru lagðar fram teikningar og greinargerð Festi fasteignafélags, Jvantspijker & partners og THG Arkitekta ehf. vegna byggingarreita V5-V6 dags. 28. maí 2021, teikningar Arkþings - Nordic vegna byggingarreita V1-V3 dags. 31. maí 2021, greinargerð Festi fasteignafélags og Arkþings - Nordic vegna byggingarreits V64 ódags., heildarstærðir - helstu tölur/íbúðadreifing byggingarreits V64 ódags., minnisblað skipulagshöfundar dags. 28. maí 2021, minnisblað Eflu um samgöngumat dags. 26. maí 2021, minnisblað Mannvits um umferðarhávaða dags. 28. maí 2021 ásamt hljóðkorti Mannvits sem sýnir samanburð á hljóðstigi inngarðs, vind- og sólarstúdía Nordic - Office of Architecture ódags., gátlisti vegna byggingarreita V4-V6 dags. 28. maí 2021 ásamt privíddaruppdráttum fyrir byggingarreiti V4-V6 dags. 4. júní 2021, gátlisti vegna byggingarreita V1-V3 dags. 28. maí 2021, ásýnd/útlit bygginga á reitum V1-V3 ódags., ásýnd/útlit bygginga á reitum V4-V6 sem snýr að Vesturgata dags. 15. júní 2021, ásýnd/útlit bygginga á reitum V4-V6 sem snýr að Seljavegi dags. 15. júní 2021, leiðbeinandi rof á skipulagi á byggingarreitum V4-V6 dags. 14. júní 2021, fótspor á byggingarreitum V1-V3 miðað við byggingarreit gildandi deiliskipulags dags. 15. júní 2021, skipulag lóðar - Skýringarmynd Landhönnunar slf. gróðurpekja og ofanvatnslausnir dags. 1. júní 2021, skipulag lóðar - yfirlitsmynd Landhönnunar slf. dags. 1. júní 2021, lóðamyndir sameinaðar ódags., Teikning Arkþings - Nordic - ásýnd Mýrargötu og Ánanausta dags. 31. maí 2021 og samþykki Veitna fyrir dreifistöðvum dags. 31. maí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 samþykkt.

22. **Lokastígur 24A, (fsp) breyta einbýlishúsi í þrjár íbúðir** (01.181.3) Mál nr. SN210277
Skjalnr. 6908
Sveinn Arnarson, Ugluhólar 6, 111 Reykjavík
Jens Beining Jia, Laugavegur 51, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl 2021 var lögð fram fyrirspurn Sveins Arnarsonar dags. 9. apríl 2021 um að breyta einbýlishúsi á lóð nr. 24A við Lokastíg í þrjár íbúðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju
Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi.
23. **Tómasarhagi 19, (fsp) stækkun húss** (01.554.1) Mál nr. SN210369
Skjalnr. 14476
Sebastian Martens Harung, Noregur,
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. maí 2021 var lögð fram fyrirspurn Sebastian Martens Harung dags. 16. maí 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 19 við Tómasarhaga. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Gögn ófullnægjandi. Fyrirspyrjandi hafi samband við embættið.
24. **Hafnarstræti 1-3, Breyta verslunarhúsnæði í veitingarstað** (11.400.05) Mál nr. BN059102
Skjalnr. 8290
Fjallkonan veitingahús ehf., Hafnarstræti 1-3, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. júní 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. júní 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta verslunarrými 0105 í veitingastað í fl. III tegund F fyrir 80 gesti með stafsmannaaðstöðu á 2. hæð í húsi á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2021.
Erindi fylgir umsögn brunahönnuðar dags. 26. mars 2021. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2021 samþykkt.
25. **Njálsgata 64, (fsp) rekstur veitingastaðar** (01.190.3) Mál nr. SN210404
Skjalnr. 13795
Jón Davíð Ásgeirsson, Keilugrandi 5, 107 Reykjavík
Trípólí ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar f.h. Trípólí ehf., dags. 28. maí 2021 um rekstur veitingastaðar í flokki II, tegund a, í rými 101 á jarðhæð í húsi á lóð nr. 64 við Njálsgötu. Rýmið er í dag skráð sem verslun. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2021 samþykkt.
26. **Skólavörðustígur 25A, (fsp) veitingastaður í flokki II og innanhússbreytingar** (01.182.2) Mál nr. SN210346
Skjalnr. 7046
Sæmundur ehf., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
Trípólí ehf., Klapparstíg 16, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. maí 2021 var lögð fram fyrirspurn Andra Gunnars Lyngbergs Andréssonar dags. 7. maí 2021 um rekstur veitingastaðar í flokki II að Skólavörðustíg 25A ásamt breytingum innanhúss, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta ehf. dags. 6. maí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. júní 2021.

27. **Unnarstígur 2, Stækkun - endurnýjun** (11.370.09) Mál nr. BN058804
Skjalnr. 11298
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík
Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að endurgera, m. a. leggja nýtt samfellt þak og jafna gólf og byggja við til norðurs og suðurs, gera nýja glugga og hurðir á einbýlishúsi nr. 2A, á lóð nr. 2 við Unnarstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Erindi fylgir þinglýst yfirlýsing um afnot lóðar dags. 18. ágúst 2017. Stækkun: 20,4 ferm., 140,7 rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021 samþykkt.
28. **Rökkvatjörn 2, (fsp) stofnun nýrrar lóðar fyrir djúpgáma** (05.052.5) Mál nr. SN210363
Skjalnr. 14215
Al-verk ehf., Bæjarflöt 9, 112 Reykjavík
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júní 2021 var lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 11. maí 2021 um að stofna nýja lóð sunnan við gangstétt við lóð nr. 2 við Rökkvatjörn fyrir djúpgáma, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 4. maí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021.
29. **Reykjavíkurflygvöllur, staðsetning þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar** (01.6) Mál nr. SN180530
Skjalnr. 6767
Dómsmálaráðuneyti, Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl 2021 var lagt fram bréf Dómsmálaráðuneytisins dags. 10. júlí 2018 þar sem farið er þess á leit að skipulagsyfirvöld í Reykjavík móti tillögur um staðsetningu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar á flugvallarsvæðinu til framtíðar. Einnig er lögð fram skýrsla Þorgeirs Pálssonar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra dags. 1. ágúst 2017 um hlutverk Reykjavíkurflygvallar í öryggiskerfi landsins. Jafnframt er lagt fram minnisblaðið Teiknistofunnar Stiku dags. 13. janúar 2021 varðandi staðsetningu þyrluskýlis fyrir Landhelgisgæsluna. Erindinu var vísað til meðferðar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 16. júní 2021.
Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 16. júní 2021 lögð fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:54.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir